

STAÐHETTIR OG AÐSTÆÐUR Á SKIPULAGSSVÆÐINU

Sveitarfélagið Hornafjörður hefur í samráði við Vegagerðina unnið deiliskipulag efnistökusvæðis vegna fyrirhugaðra vegaframkvæmda við Hringveg (1) um Hornafjörð. Deiliskipulagið tekur til efnistökusvæðis sem skilgreint er í aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 (E47, NAMA 10).

Efnistökusvæðið er staðsett neðan Lambleiksstaða í framburðarkeilu Hólmsár og nefnist Ofan við Einholtsvötn (NAMA 10, E47). Árkeilan er fullgróin en svödurinn mjög þunnur og jarðvegsspykkt ekki mikil. Grunnvatnsborð stendur alla jafna nokkuð hátt og víða í lægðum er vatn.

Gerð deiliskipulagsins er þáttur í því að hrinda í framkvæmd vegabótum á Hringvegi um Hornafjörð. Markmið framkvæmdarinnar er að auka umferðaröryggi, tryggja greiðar samgöngur milli Suður- og Austurlands og jafnframt að stuðla að betri samgöngum innan sveitarfélagsins. Ný veglína Hringvegur um Hornafjörð er á samþykktu aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Stefna

Deiliskipulagið er unnið á grundvelli gildandi Aðalskipulags Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030. Tillagan byggir á mati á umhverfisáhrifum Hringvegur um Hornafjörð (Hringvegur um Hornafjörð – Matskýrsla, 2009).

Fyrirhugað efnistökusvæði er á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Ekki er í gildi deiliskipulag á svæðinu eða í næsta nágrenni sem deiliskipulagið gæti haft áhrif á. Landnotkun umhverfis efnistökusvæðið er merkt sem opið svæði á aðalskipulagi og skammt frá eru landbúnaðarsvæði.

Náttúru- og forminjar

Ekki er um sérstæðar jarðmyndanir að ræða né gróðurfar og telst svæðið hafa lágt verndargildi.

Á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði eru engar landslagsgerðir sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðra framkvæmda var unnin af Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga ásamt Byggðasafni Árnesinga. Gerð var heimilda- og vettvangsskráning á þeim jörðum sem mögulegar veglínur liggja um ásamt tengileiðum og efnistökusvæðum. Skráning á vettvangi fór fram dagana 6. – 8. júní 2006 (Hringvegur um Hornafjörð – Matskýrsla, 2009). Engar fornminjar fundust nálægt efnistökusvæðinu en ef áður óþekktar fornminjar finnst við efnistöku verður það tilkynnt til Minjastofnunar sbr. 24. gr. laga um menningaminjar 80/2012.

TÍMABUNDIN SKIPULAGSÁKVÆÐI

Efnistaka

NAMA 10 Ofan við Einholtsvötn er um 100.000 m² að flatarmáli og áætluð efnistaka verður um 150.000 m³ á framkvæmdatíma. Efnid úr námunni er ætlað í fyllingu í nýjan Hringveg og í tilheyrandi vegaframkvæmdir. Náman verður opin meðan á framkvæmdum stendur.

Umhverfisáhrif

Umhverfisáhrif vegna efnistökkunnar eru lítil en eðlisræn breyting verður á svæðinu eftir efnistökkuna þar sem efnistakan mun skilja eftir sig tjörn. (Hringvegur um Hornafjörð – Matskýrsla, 2009).

Frágangur og mótvægisáðgerðir

Frágangur námunnar felst í að rofverja fláa tjarnarinnar og móta hólma í austurhluta tjarnarinnar sem ennfremur verður rofvarinn. Við lok efnistöku verður leiddur lækur í tjörnina og útbúið yfirfall í náttúrulegan farveg til þess að tryggja stöðugt vatnsborð í tjörninni. Þessi frágangur miðar að því að endurheimta votlendi og stuðla að betri búsetuskilyrðum fugla og vatnalífvera. Gengið verður frá námunni eigi síðar en við verklok og verður frágangur hluti af útbóði verksins.

Umsagnaraðilar

Lögbundnir umsagnaraðilar vegna efnistöku námunni Ofan Einholtsvatna eru m.a. Skipulagsstofnun og Umhverfisstofnun.

Deiliskipulag þetta, sem kynnt og auglýst hefur verið samkvæmt 40. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af bæjarstjórn Hornafjarðar þann _____


f.h. Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Deiliskipulag þetta var samþykkt í skipulagsnefnd _____ og í bæjarstjórn _____

Tillagan var auglýst frá _____ með athugasemdafresti til _____

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____

Dags Breyting



Landmálfr.: Vegagerðin
Hnitakerfi: ISN93 Hæðarkerfi: Landshæðarnet
Loftmyndataka og myndmálfr.: Loftmyndir ehf.
Flughæð: 3000m Móskaustær: 10x10m.
Kortagerð: Vegagerðin



Sveitarfélagið Hornafjarðar
Hafnarbraut 27, 780 Höfn
Sími: 470 8000
afgreiddsla@hornafjordur.is



Vegagerðin
Málsvæði: 1:50.000
Tilbúnað: 1:10.000
Blástafr.: A3
Hannað: SOS
Tilbúnað: MO
Yfirfarir: -
Samþykkt: -

Hringvegur um Hornafjörð
NAMA 10 - Einholtsvötn
Deiliskipulag
Efnistökusvæði

Dags: 14.03.2017
Útbodnr.: -
Vegnr.: 1v6-v7
Hönnunartg: Stjórnun
Tilv. nr.: X-02
Ulg.: A